



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar - 23. fundur
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 10. ágúst 2016
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Guðmundur Sigurjónsson, aðalmaður
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður
Bjarni Þór Einarsson, byggingafulltrúi
Ágúst Þór Bragason yfirmaður tæknideildar

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason

Dagskrá:

1. Veiðifélag Laxár á Ásum - Umsókn um byggingarleyfi - 1607017

Erindi frá Veiðifélagi Laxár á Ásum, umsókn um byggingarleyfi til að stækka veiðihúsið og byggja nýtt starfsmannahús á lóð félagsins, landnr. 220579.

Umsókninni fylgir aðaluppdráttur gerður hjá Markstofunni ehf. af Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt, teikningar nr. 1.01 til 1.06 í verki nr. VE-16-11 dags. 1. júlí 2016.

Nefndin samþykkir byggingaráformin.

2. Hnjúkabyggð 27 - Umsókn um byggingarleyfi - 1608003

Erindi frá Hnjúkabyggð 27, húsfélagi, umsókn um byggingarleyfi til að breyta útliti fjölbýlishússins að Hnjúkabyggð 27, landnr. 144845.

Breytingin er aðallega nýjir ál- trégluggum og að skipta úr timbri yfir í álklaðningar á milli glugga. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur gerður hjá Stoð ehf. verkfræðistofu af Magnúsi Ingvarssyni byggingarfræðingi, teikningar nr. A-100 til A-104 í verki nr. 484503, dags. 20. júlí 2016.

Nefndin samþykkir byggingaráformin

3. Stekkjarvík, stækkun á urðunarhólfi - Umsókn um stöðuleyfi. - 1607002

Erindi frá Stekkjarvík bs. umsókn um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir verktaka við stækkun urðunarsvæðisins á lóð félagsins í landi Sölvabakka, landnr. 219375. Vinnubúðirnar eru sex gámaeiningar sem standa við skemmu Norðurár. Verktaki fær leyfi til að tengja sig við veitukerfin á svæðinu (Fráveitu, vatn og rafmagn.)

Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir þeim gámum sem verktakinn hefur á staðnum til verkloka, að hámarki til 31. janúar 2017.

4. Brimslóð 8 - Lóðablað og nýr lóðaleigusamningur - 1608004

Sótt er um breytingu á lóðarstærð úr 2230 m² í 1080 m² lóð samkvæmt meðfylgjandi



lóðarblaði dags 5. ágúst 2016, unnið af Stoð ehf.

Nefnðin samþykkir erindið með 4 atkvæðum. Oddný María Gunnarsdóttir situr hjá.

5. Verndarsvæði í byggð - Gamli bærinn á Blönduósi. - 1511029

Endurnýjuð umsókn um styrk til Húsfriðunarsjóðs fyrir gamla bæinn á Blönduósi innan Blöndu sem Verndarsvæði í byggð.

Sveitarstjórn ákvað síðastliðið haust að sækja um styrk úr Húsfriðunarsjóði til að undirbúa umsókn um að "Gamli bærinn á Blönduósi" verði verndarsvæði í byggð. Sú umsókn var ekki afgreidd. Nú er auglýst eftir umsóknum að nýju til áætlanagerðar og undirbúnings vegna verndarsvæða í byggð og er umsóknafrestur til 17. ágúst nk.

Skipulagsfulltrúi kynnti drög að umsókn Blönduósbæjar sem hann hefur unnið að í samstarfi við ráðgjafa.

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd samþykkir umsóknina og felur skipulagsfulltrúa að ganga frá henni.

6. Brautarhvamur og gönguleið í Hrótey - Breyting á deiliskipulagi. - 1603014

Á 17. fundi nefndarinnar þann 16. mars sl. var samþykkt að taka til endurskoðunar deiliskipulagið í Brautarhvammi vegna staðsetningar á brú út í Hrótey og skoða hvort þörf sé á öðrum breytingum á skipulagssvæðinu. Drög að greinargerð dags. 23 júlí 2016 fylgja fundarboði til yfirferðar og umsagnar.

Skipulagsfulltrúi kynnti greinargerðina sem hann hefur unnið í samvinnu við ráðgjafa.

Nefnðin samþykkir að áfram verði unnið að verkefninu í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

7. Umhverfisviðurkenning 2016 - 1607004

Nefnðin samþykkti í lok síðasta fundar að veita Skarphéðni Ragnarssyni, Húnabraut 23 viðurkenningu fyrir fallegasta garðinn og Ömmukaffi, Húnabraut 2 viðurkenningu til fyrirtækis fyrir endurbætur og snyrtimennsku. Viðurkenningarnar voru veittar við setningu Húnavöku þann 15. júlí sl.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:10

Valgarður Hilmarsson

Brynja Birgisdóttir

Jakob Jónsson

Guðmundur Sigurjónsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Bjarni Þór Einarsson

Ágúst Þór Bragason
